

Fundargerð
342. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 23. ágúst 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Málafni skrifstofu SLFÍ
4. Staðan varðandi bókun 8 í síðasta kjarasamningi við ríkið
5. Staðan varðandi fagháskólanámið
6. Verkefni haustsins
 - **5. september:** fundur með norrænum kollegum um tillögu að keppni í hjúkrun, Birna Ólafsdóttir mætir á fundinn.
 - **19. september:** Vinnufundur félagsstjórnar
 - **6. október:** Fundur félagskjörinna nefnda kl. 10.00 – 12.00 í félagsaðstöðu SLFÍ
 - **6. október:** Trúnaðarmannaráðstefna á vegum BSRB kl. 13.00 á Hilton hóteli
 - **11. október:** Félagsstjórnarfundur
 - **12. október:** Trúnaðarmannaráð SLFÍ fundar í félagsaðstöðu SLFÍ frá kl.10.00 – 16.15.
 - Prófessor Ingibjörg Jónsdóttir Verksamhetschef Institutet för stressmedicin, mun koma á fundinn eftir hádegi. Eftir að vinna að því að bjóða fulltrúum vinnuveitenda á erindi hennar. Setja upp lista yfir þá sem verður boðið.
 - **Ráðstefna um öldrunarmál**
 - Tengiliðir: Ögmundur Jónasson, Eyjólfur Eysteinnsson, Ingibjörg Hjaltadóttir og aðrir er málafnið varðar.
7. Orlofsmál
 - Kaup og sala á Akureyri
 - Gangur sumarsins

8. Staðan í vinnu starfshóps vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016
9. Réttindi íslenskra sjúkraliða í Danmörku
10. Sjúkraliðinn í október

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna úr góðu sumarfríi.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Málefni skrifstofu SLFÍ

KÁG fór yfir stöðu mála á skrifstofu félagsins og gerði grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til af stjórnendum skrifstofu. Mikil umræða var um málið og allir sammála um niðurstöðuna.

4. Staðan varðandi bókun 8 í síðasta kjarasamningi við ríkið

Farið var yfir að þrjár fundir hafa verið vegna bókunar 8, þ.e. um skiptingu aukinna greiðslna frá ríkinu í menntunarsjóði félagsins. Hugmyndir hafa verið frekar óljósar, en eru að skýrast og áfram verður unnið að málinu.

5. Staðan varðandi fagháskólanámið

Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar SLFÍ fór yfir þá stöðu sem fagháskólanámið er í. BÓ hafði áður farið yfir jákvæða stöðu málsins síðastliðið vor, en gerði nú grein fyrir að núverandi menntamálaráðherra virtist ekki ætla að standa við gefin loforð fyrri ríkisstjórnar. Heildarsamtök launafólks standa sameinuð að kröfunni um að námið verði sett á laggirnar í takt við alla þá vinnu sem nú þegar liggur fyrir og áfram verður þrýst á málið.

Póstur/mail barst frá menntamálaráðherra í dag þ.s. skilja má aukna jákvæðni gagnvart því að setja af stað nám í þeim fimm verkefnum sem tillögur lágu fyrir um og vinna að fjármögnun þeirra innan ráðuneytisins. ([Fylgiskjal 1.pdf](#))

6. Verkefni haustsins

Farið var yfir verkefni komandi hausts og þau rædd í þeirri tímaröð sem þau liggja fyrir.

5. september: fundur með norrænum kollegum um tillögu að keppni í hjúkrun, Birna Ólafsdóttir mætir á fundinn. ([Sjá fylgiskjal 2](#)) ([Sjá fylgiskjal 3](#))

Mikil umræða var um keppnina og þátttöku félagsins í henni. BÓ fór yfir að hún væri ekki tilbúin til að vera umsjónarmaður með slíkri keppni og fór yfir að erfiðlega gengi að fá þátttakendur. BÓ lagði til að leitað væri að umsjónaraðila með keppninni.

Ákveðið að skoða málið frekar, en allir sammála um að mikilvægt sé að taka þátt í

Íslandsmótinu. Rætt um að nauðsynlegt væri að boða fulltrúa skólanna á fundinn þ.s. rætt verður um hugsanlegt Norðurlandamót.

- **19. september:** Vinnufundur félagsstjórnar

KÁG fór yfir drögin að dagskrá fundarins í Munaðarnesi og farið var yfir þau mál sem þar verða til umræðu.

- **6. október:** Fundur félagskjörinna nefnda kl. 10.00 – 12.00 í félagsaðstöðu SLFÍ.
- **6. október:** Trúnaðarmannaráðstefna á vegum BSRB kl. 13.00 á Hilton hóteli
- **11. október:** Félagsstjórnarfundur
- **12. október:** Trúnaðarmannaráð SLFÍ fundar í félagsaðstöðu SLFÍ frá kl. 10.00 – 16.15
 - Prófessor Ingibjörg Jónsdóttir Verksamhetschef Institutet för stressmedicin, mun koma á fundinn eftir hádegi. Eftir að vinna að því að bjóða fulltrúum vinnuveitenda á erindi hennar. Setja upp lista yfir þá sem verður boðið. [Sjá dagskrá](#)

Farið var yfir skipulag fundanna og allir sammála um skipulag og dagskráliði.

- Ráðstefna um öldrunarmál í nóvember hugsanlega í samráði við Fagdeild sjúkraliða með sérnám.
 - Tengiliðir: Ögmundur Jónasson, Eyjólfur Eysteinnsson, Ingibjörg Hjaltadóttir og aðrir er málefnið varðar.

Rætt var um á hvað ætti að leggja áherslu á þegar slík ráðstefna er skipulögð. Fram kom að bæði þurfi að ræða það sem vel er gert og það sem betur má fara.

7. Orlofsmál

GÖG gerði grein fyrir að Orlofssjóður SLFÍ hefði fest kaup á tveimur orlofshúsum á Akureyri (Hálöndum) við rætur Hlíðarfjalls. Íbúðin við Hamratún er seld og verður afhent í nóvember 2017. Húsin eru við Holtaland 7 og 9 og verða afhent í september og október. Skoðaðar voru myndir og teikningar af húsunum.

GÖG fór einnig yfir að orlofstímabilið hefði gengið mjög vel og þá sérstaklega hálendisferð félagsins, sem var í einstakri veðurlíðu.

8. Staðan í vinnu starfshóps vegna ákvæðis til bráðarbirgða í lögum nr. 127/2016 ([Fylgiskjal.pdf](#) 4)

KÁG gerði grein fyrir að tveir fundir hafa verið haldnir hjá starfshópnum þ.s. m.a. var farið yfir tilgang vinnu starfshópsins. Mikill ágreiningur kom fram sérstaklega á milli fulltrúa SA og fulltrúa BSRB um tilurð og tilgang frumvarpsins og vinnu hópsins. SLFÍ hefur tekið saman töluvert að gögnum um stöðu sjúkraliða m.a. varðandi versnandi heilsufar við aukinn aldur.

9. Réttindi íslenskra sjúkraliða í Danmörku ([Sjá fylgiskjal 5](#) og [fylgiskjal 6](#))

Farið var yfir að nýlega hafi komið upp mál íslensks sjúkraliða í Danmörku þ.s. þess var krafist að hann bætti við sig námi í geðhjúkrun. Slík staða kom einnig upp í kjölfar kreppu, en var kippt í liðinn m.a. með því að menntamálayfirvöld á Íslandi fóru yfir og útskýrðu inntak sjúkraliðamenntunar á Íslandi og vísuðu í samnorrænan vinnumarkað. Fram kom hjá BÓ að Danir hafi sagt sig frá samnorrænum vinnumarkaði og teldu sig ekki vera bundna af slíku samstarfi. Áfram verður unnið í málinu og ýtt á fulltrúa Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og menntamálayfirvöld á Íslandi. Búið er að kalla til fund með fulltrúa landlæknis, menntamálaráðuneytinu, skólunum og félagsins.

10. Sjúkraliðinn í október

GÖG fór yfir þau efnistöð sem nú þegar liggja fyrir, en óskaði eftir ábendingum, tillögum frá framkvæmdastjórn.

11. Fánamálið

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ fór yfir að nauðsynlegt sé að byrja á að þrifa fánann og í framhaldi af því kanna hvort hann verði nothæfur.

12. Sjúkraliðatalið

KÁG gerði grein fyrir hver staða Sjúkraliðatalsins væri og rætt um að það yrði að klára það og hafa rafrænt.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18.30